

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Elisabeth Zeuthen Schneider
fiðluleikari

og

Halldór Haraldsson
píanóleikari

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Þriðjudaginn 4. júlí 1995 kl. 20:30

Elisabeth Zeuthen Schneider fiðluleikari stundaði nám hjá Milan Vitek og Endre Wolf í Det kgl. danske Musikkonservatorium í Kaupmannahöfn. Hún stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum, í New York hjá Isidore Cohen frá Beaux Arts tríóinu og í Bloomington hjá Stanley Ritchie. Hún hefur hlotið fjölda viðurkenninga meðal annars styrk úr Gade-sjóðnum og ferðastyrki sem kenndir eru við Carl Nielsen og Sonningsjóðinn. Elisabeth Zeuthen hefur starfað með Det kgl. Kapel og dönsku útvarpshljómsveitinni. Hún hefur leikið einleik með helstu hljómsveitum í Danmörku og hefur meðal annars haldið tónleika í Bandaríkjunum. Hún hefur nýlokið við að leika danskar fiðlusónötur inn á geisladisk. Elisabeth Zeuthen Schneider er dósent við Det kgl. danske Musikkonservatorium.

Halldór Haraldsson píanóleikari er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur. Hann lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1960 og stundaði síðan framhaldsnám hjá Gordon Green við Royal Academy of Music í London árin 1962-65, en þaðan lauk hann prófi sem einleikari. Halldór hélt sína fyrstu opinberu tónleika á vegum Tónlistarfélagsins í Reykjavík 1965. Síðan hefur hann haldið fjölda tónleika bæði hér og erlendis. Hann hefur leikið marga píanókonserterna með með Sinfóníuhljómsveit Íslands og verið mjög virkur í kammertónlist. Árið 1988 stofnaði hann ásamt Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara og Gunnari Kvaran sellóleikara Trío Reykjavíkur, en einmitt á tónleikum tríósins hefur Halldór áður leikið með Elisabeth Zeuthen Schneider. Halldór er nú skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík, en við skólann hefur hann kennt síðan 1966 og útskrifað þaðan marga efnilega unga píanóleikara.

Efnisskrá

Tor Aulin
(1866 - 1914)

Fyra Akvareller (um 1900)
Idyll
Humoresk
Vaggsång
Polska

Per Nørgård
(f. 1932)

Diptychon opus 11 (1954)
Adagio con affetto
Presto, molto leggiero

Þorkell Sigurbjörnsson
(f. 1938)

G-suite (G-Sweet) (1976)
samið fyrir Guðnýju Guðmundsdóttur

Antonin Dvořák
(1841 - 1904)

Romance opus 11 (um 1879)

Antonin Dvořák

Mazurek opus 49 (1879)